

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 892 1529 & 588 7690
Netfang: ottar@iec.is

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.
Sent á netfang:
umhverfisstofnun@ust.is

5. júlí 2019.

Efni: Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi (ódagsetta) fyrir 6.800 tonna laxeldi í sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði, helmingur í hvorum firði. á vegum Arctic Sea Farm hf. Birt á vef Umhverfisstofnunar 7. júní 2019.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúrverndarfélagssins LAXINN LIFI, Akurholts ehf. og Geiteyrar ehf., eigenda veiðiréttar í Haffjarðará í Hnappadal, Ara P. Wendel, eigenda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadalsá, Viðis Hólm Guðbjartssonar, eigenda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadalsá, Atla Árdal Ólafssonar, eigenda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í innanverðu Ísafjarðardjúpi, Varplands ehf., eigenda hluta veiðiréttar í Langadalsá og Hvannadalsá í innanverðu Ísafjarðardjúpi og Veiðifélags Laxár á Ásum er ofangreindri tillögu að starfsleyfi alfarið mótmælt.

Gerð er krafa um að hafnað verði útgáfu starfsleyfis á grundvelli framlagðrar tillögu fyrir ofangreinda laxeldisstóriðju í opnum sjókvíum í Patreksfirði og Tálknafirði og að nýtt umhverfismat verði gert, áður en ný tillaga að starfsleyfi verður auglýst.

Framkvæmdaraðilinn Arctic Sea Farm hf. er að mestu í eigu norska laxeldisfyrirtækisins Norway Royal Salmon AS og Kypurfélagsins Bremesco Holding, talið í pólskri eigu (áður Dýrfiskur hf.).

Grundvöllur kröfunnar eru m.a. eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu að starfsleyfi:

1. Umsókn um starfsleyfið er hvergi að finna.

Hinn 14. júní sl. óskaði undirritaður eftir því við Umhverfisstofnun, að fá senda umsókn framkvæmdaraðila um umrætt sjókvialaxeldi ásamt meðfylgjandi greinargerð Umhverfisstofnunar með tillögunni, þar sem á heimasíðu stofnunarinnar var aðeins að finna gamla umsókn fyrirtækisins frá 2016. Svar Umhverfisstofnunar 18. júní 2019 hljóðar þannig: „Unnið er með umsókn fyrirtækjanna frá 2016, greinargerð fylgir leyfum við útgáfu.“ Umhverfisstofnun virðist hafa tekið það upp hjá sjálfri sér að setja saman og auglýsa tillögu að starfsleyfi með ýmsum breytingum og viðbótum frá hinu gamla og ógilta starfsleyfi. Hvergi í lögum er heimild til slíkar aðkomu Umhverfisstofnunar.

2. Umsókn frá 2016 varðar starfsleyfi, sem ógilt var 4. október 2018.

Í framhaldi af umsókn framkvæmdaraðila frá 2016 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi til hans fyrir 6.800 tonna laxeldi í Patreksfirði og Tálknafirði hinn 13. desember 2017. Starfsleyfið var kært til ógildingar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 14. janúar 2018, sem kvað upp úrskurð um ógildingu starfsleyfisins 4. október 2018 (mál nr. 4/2018).

Með þeim úrskurði var starfsleyfið frá 13. desember 2017 ásamt umsókninni frá 2016 sem það varðaði úr sögunni. Umsóknin frá 2016 var byggð á matsskýrslu framkvæmdaraðila og álitum Skipulagsstofnunar, sem Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála taldi ekki vera lögsmætan grundvöll fyrir ákvörðun um veitingu leyfis til framkvæmdarinnar. Getur nefnd umsókn frá 2016 því ekki verið grundvöllur leyfisveitingar.

3. Umsókn um starfsleyfi lagaskylda.

Útgáfa starfsleyfa til mengandi eldisstarfsemi fer eftir 2. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (sjá m.a. 7. grein) og 2. kafla reglugerðar nr. 550/1018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit (sjá m.a. 6. gr.).

Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 segir m.a. að rekstraraðilar skuli tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi. Og í 5. mgr. 7. gr. segir m.a., að útgefandi starfsleyfis skuli hafa upplýsingar um umsóknir ... á vefsvæði sínu.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 segir m.a., að rekstraraðilar skuli tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi. Og að umsóknum skuli, eftir því sem við á hverju sinni, fylgja lýsing á eftirfarandi atriðum (sem eru síðan talin upp í liðum a) – k).

Þá segir í 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, að í umsókn um starfsleyfi skuli einnig vera samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um þau atriði sem getið er um í 2. mgr.

Nánast ekkert af þessum upptöldu atriðum er að finna í gömlu umsókninni frá 2016, enda hlýtur hún að vera ótæk og úr sögunni hvað varðar hina nýju framkvæmd, sem að auki er mjög breytt frá þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð var árið 2016.

4. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum skal liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst.

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 skal niðurstaða mats á umhverfisáhrifum liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst.

Ennfremur skal útgefandi starfsleyfis kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar hvað varðar tengsl við verksvið útgefanda, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum.

Þá er umhverfismat lagaskylda samkvæmt lögum nr. 106/2000 við framkvæmd eins og laxeldi Arctic Sea Farm fyrirhugar í Patreksfirði og Tálknafirði. Hvergi er lagaheimild til að víkja frá ákvæðum 8. gr. sbr.

9. – 11. gr. laga nr. 106/2000 um málsmeðferðina og umhverfismatsferlið, sem skal byrja með tillögu að matsáætlun sem framkvæmdaraðili skal kynna umsagnaradilum og almenningi. Því til stuðnings, að ekki er unnt að komast undan málsmeðferð 8. gr. laga nr. 106/2000 og þar með fullu umhverfismati þeirra framkvæmda þar sem skylt er að láta það fara fram, vísa umbjóðendur mínir einnig til þess að skýra verður lög nr. 106/2000 til samræmis við EES samninginn, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Í tveimur dómum Evrópudómstólsins hefur það verið staðfest, að þrátt fyrir að

tilskipun 2011/92/ESB (áður 85/337/EB) veiti aðildarríkjum visst svigrúm hvað varðar málsmeðferð umhverfismats, verður umhverfismat að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar, sjá dóma í máli nr. C-435/97, WWF og fl., málsgrein 50-54 og í máli framkvæmdastjórnarinnar gegn Belgíu nr. C-435/09, málsgrein 62. Því skuli leyfi ekki veitt nema fram fari umhverfismat í lögfræðilegum skilningi þess orðs.

Væri afsláttur veittur af umhverfismati fyrir starfsleyfi eða einhvers konar hlutamálsmeðferð umhverfismats með viðbótarbút við eldra mat, er ljóst að grafið væri undan sjálfu markmiði löggjafar um umhverfismat. Slíkar hugmyndir að stytta sér leið eru einnig óheimilar samkvæmt ákvæðum Árósasamningsins.

Einhvers konar heimatilbúin „valkostaumfjöllun“ kemur ekki í stað umhverfismats og mótmæla umbjóðendur mínir öllum hugmyndum um slíkt, enda eru að mati þeirra fjölmörg önnur atriði, sem fjalla verður um í nýju umhverfismati.

5. Úrelt umhverfismat.

Umbjóðendur mínir benda einnig á, að gamla umhverfismatið var í meginatriðum gert á árunum 2013 til 2015 og getur því ekki talist vera í fullu gildi í skilningi tilskipunar 2014/52/ESB og sem slíkt ekki verið grundvöllur nýrrar ákvörðunar skv. 13. gr. laga nr. 106/2000. Staðan er nú gjörbreytt frá því að matsskýrslan var unnin og sem álit Skipulagsstofnunar byggir á. Margvíslegar skýrslur um áhættumat og erfðablöndunarhættu hafa komið fram síðan, svo sem álit Erfðanefndar landbúnaðarins frá 6. júní 2017, áhættumat Hafrannsóknastofnunar frá 14. júlí 2017 vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldisstofna og náttúrulegra laxastofna á Íslandi og skýrsla Hafrannsóknastofnunar frá 25. ágúst 2017 um erfðablöndun eldislaxa af norskum uppruna við íslenska laxastofna. Benda umbjóðendur mínir í því sambandi á umsögn Hafrannsóknastofnunar 27. nóvember 2017 hvað varðar, að álit Skipulagsstofnunar sé úrelt og dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 575/2016, þar sem ekki var fallist á sambærilega skemmri skírn, sem framkvæmdaraðili reyndi að sleppa með.

6. Gjörbreytt framkvæmd frá þeirri, sem fjallað var um í frummatsskýrslunni 6. maí 2016.

Bent er á, að fyrirhuguð framkvæmd er í mörgum atriðum gjörbreytt frá þeirri sem ráðgerð var í frummatsskýrslunni frá 6. maí 2016, sem framkvæmdaraðilar virðast reyna að nota með auglýstum viðbótarbút um valkostaumfjöllun. Einnig af þeirri ástæðu krefjast umbjóðendur mínir nýs heildarumhverfismats samkvæmt 8. – 11. gr. laga nr. 106/2000.

Ennfremur er bent á, að nýtt eldissvæði í Tálknafirði er nú tilkynnt ásamt því að tvö eldissvæði í þeim firði eru felld niður. Þá eru tvö eldissvæði færð í Patreksfirði og ráðgert nýtt eldissvæði innst í firðinum, sjá 3. tl. „viðbótarinnar“ og tl. 1.2. í tillögunni að starfsleyfi.

7. 17.500 tonna starfsleyfi ógilt.

Áður voru hin tvö ógiltu starfsleyfi gefin út fyrir samtals 17.500 tonna árlegri heildarframleiðslu. Hin útgefnu og ógiltu starfsleyfi námu 10.700 tonna framleiðslu hjá Fjarðalaxi ehf. og 6.800 tonna framleiðslu hjá Arctic Sea Farm hf. eða samtals 17.500 tonnnum. Rekstraraðilarnir virðast álíta skv. tl. 2.4. í „viðbótinni“ og Umhverfisstofnun sbr. tl. 1.2. í tillögunni að starfsleyfi, að „heildarlífsmassi“ megi vera 7.800 tonn á hverjum tíma hjá Arctic Sea

Farm hf. eða samtals 20.000 tonn hvert ár fyrir Fjarðalax ehf. og Arctic Sea Farm hf. Slíkum skilningi er alfarið mótmælt. Hámark árlegrar framleiðslu og lífmassa Arctic Sea Farm hf. getur ekki farið umfram 6.800 tonn, enda engin heimild fyrir hendi til frekari handvalinnar aukningar í gegnum nýtt orðalag um „lífmassa“.

Með vísan til framangreindra athugasemda er augljóst, að útgáfa starfsleyfis á grundvelli framlagðrar tillögu er ólögmæt og óheimil. Jafnframt er vísað til meðfylgjandi tölvusamskipta við Umhverfisstofnun 14. júní og 18. júní 2019, athugasemda við „viðbót“ við frummatsskýrslu og valkostagreiningar varðandi framleiðsluaukningu Arctic Sea Farm hf. og Fjarðalax ehf., dags. 19. mars 2019, sem sendar voru Skipulagsstofnun, athugasemda við tillögu að starfsleyfi dags. 15. maí 2017, og 24. ágúst 2017, sem sendar voru Umhverfisstofnun, kæru til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. janúar 2018 og úrskurðar sömu nefndar 4. október 2018 í máli nr. 4/2018.

Ítrekuð er krafa um að umhverfismat verði framkvæmt á grundvelli 8. gr. laga nr. 106/2000 sbr. 9 – 11. gr. sömu laga, áður en ný tillaga að starfsleyfi verður auglýst.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins LAXINN LIFI, Akurholts ehf., Geiteyri ehf., Ara P. Wendel, Víðis Hólm Guðbjartssonar, Atla Á. Ólafssonar, Varplands ehf., og Veiðifélags Laxár á Ásum

Óttar Yngvason

Fylgiskjöl:

1. Tölvusamskipti við Umhverfisstofnun 14. og 18. júní 2019.
2. Athugasemdir við „viðbót“ við frummatsskýrslu og valkostagreiningu varðandi framleiðsluaukningu Arctic Sea Farm hf. og Fjarðalax ehf. dags. 19. mars 2019, sem sendar voru til Skipulagsstofnunar.
3. Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi 15. maí 2017 og og 24. ágúst 2017, sem sendar voru til Umhverfisstofnunar.
4. Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags.14. janúar 2018.
5. Úrskurður sömu nefndar 4. október 2018 í máli nr. 4/2018.